

FYLGISKJAL NR. 1027

DAGS 09.06.2004

SAMANTEKT:

398. fundur bæjarstjórnar Mosfellsbæjar (Hafsteinn Pálsson, forseti, Haraldur Sverrisson, Klara Sigurðardóttir, Bjarki Sigurðsson, Bryndís Bjarnason, Þróstur Karlsson og Jónas Sigurðsson – Stefán Ómar Jónsson bæjarritari ritaði fundargerð).

10. dagskrármál bæjarstjórnarfunarins var afgreiðsla á 115. fundi skipulags- og byggingarnefndar (sjá fskj. 1026). Tekið var fyrir 4. mál 115. Fundar skipulags- og byggingarnefndar er fjallaði um tillögu að deiliskipulagi Hamrafells, Hulduhóla og Láguhlíðar.

**Samþykkt var með 7 atkvæðum að fresta þessum dagskrárlið
Að öðru leiti var fundargerð skipulags- og byggingarnefndar lögð
fram og afgreidd á bæjarstjórnarfundinum.**

Vekur athygli að Haraldur Sverrisson víkur ekki af fundi.

Bæjarstjórn, fundur nr. 398

Dags. 9. Júní 2004

**398. fundur
bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,
haldinn í fundarherbergi á 4. hæð, Þverholti 2,
miðvikudaginn 9. júní 2004 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu: Hafsteinn Pálsson forseti (HP), Haraldur Sverrisson (HSv), Klara Sigurðsson (BS), Bryndís Bjarnarson (BB), Þróstur Karlsson (ÞK) og Jónas Sigurðsson

Fundargerð ritaði: Stefán Ómar Jónsson bæjarritari.

Samþykkt með sjö atkvæðum að taka á dagskrá sem 10. dagskrármál, fundargerð 1 byggingarnefndar frá 8. júní 2004.

(23)

Dagskrá fundarins:

1. mál: Fundargerðir nefnda:

1.Bæjarráð 665. fundur frá 27. maí 2004.

1. mál. Minnisblað bæjarstjóra dags. 24. maí 2004, varðandi samning Mosfellsbæjar og Golfklúbbsins Kjalar.

Til mál sérskil: ÞK, HSv og JS.

Samningur um stækjun golfvallar, bókun B og G lista:

Í ekki stærra sveitarfélagi en Mosfellsbæ er bráðnauðsynlegt að forgangsraða fjárveitingum til bygginga íþróttamannvirkja, því peningar eru af skornum skammti. Íþróttar- og tómstundaráð hefur ekkert komið að gerð þessa samnings né heldur forgangsraðað skv. óskum íþróttafélaga, en í 5.grein rammasamnings um byggingu íþróttamannvirkja í Mosfellsbæ er kveðið á um það. Mörg önnur félög og deildir hafa haft uppi óskir um betri aðstöðu og eru iðkendur margir. Má nefna að fimleikadeild UMFA er með um 100 börn, en hefur litla sem enga aðstöðu. Knattspyrnudeild Aftureldingar sem er með um 400 börn og hefur afar ófullnægjandi aðstöðu til sumariðunar eða lítið fokhelt aðstöðuhús. Hestaíþróttafélagið Hörður sem hefur um 130 börn og unglings innan sinna vébanda, en hefur ekki fengið neina áheyrn um byggingu inniaðstöðu, en í Kili eru rétt um 100 börn og unglings.

Fjárlát Mosfellsbæjar vegna samnings þessa er um 90 milljónir, sem byggir á kostnaðaráætlun er gerð var að hálfu golfklúbbsins, en sýnist mjög há miðað við þann kostnað sem upplýsingar eru um frá nágrannasveitarfélögum um slíkar framkvæmdir á undanförnum árum. Samkvæmt upplýsingum sem fram kom á fundinum er kostnaðaráætlunin yfirfarin af bæjarverkfraðingi.

Við bæjarfulltrúar B- og G lista viljum stuðla að uppgangi golfíþróttarinnar í Mosfellsbæ sem og í öðrum íþróttareinum og samþykjkum því samninginn en bendum á skv. ofangreindu að betur hefði mátt standa að verki með gerð forgangsröðunar verkefna á íþróttar- og tómstundasviði.

Bókun bæjarfulltrúa D lista.

Í þessum samningi sem nú er lagður fyrir bæjarstjórn til samþykktar er gert ráð fyrir 56 mkr. byggingastyrk og 30 mkr. bótum fyrir mannvirkni í eigu golfklúbbsins sem klúbbnum er gert að fjarlægja fyrir árslok 2006. Þessar greiðslur Mosfellsbæjar greiðast á átta árum með síðustu greiðslu árið 2010. Hvað varðar forgangsröðun framkvæmda og aðkomu íþróttar- og tómstundanefndar að þessum málum skal það upplýst að lengi hefur legið fyrir stefnumótun þeirrar nefndar um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Mosfellsbæ þar sem hefur verið talað um nauðsyn þess að stækka umræddan golfvöll í 18 holur. Rætt hefur verið formlega í nefndinni um þennan samning og fyrir liggur umsögn hennar þar sem honum er fagnað af öllum nefndarmönnum. Núverandi níu holu golfvöllur hefur verið byggður upp af félagsmönnum golfklúbbsins án aðkomu Mosfellsbæjar því er þetta í fyrsta skipti sem Mosfellsbær leggur til fjármuni til uppbyggingar aðstöðu fyrir íþróttareinina sem er sú önnur fjölmennasta innan vébanda ÍSÍ. Í Mosfellsbæ hefur á undanförnum árum verið lyft grettistaki í uppbyggingu á íþróttaaðstöðu í bæjarfélagini. Í bænum er nú glæsileg íþróttamiðstöð með þremur íþróttasölu og sundlaug. Þar er einnig knattspyrnuvöllur, gervigrasvöllur og frjálsíþróttavöllur. Núverandi meirihluti hefur ákveðið að halda áfram á sömu braut. Verið er að byggja Vallarhús og búningsaðstöðu á Tungubökkum, og að vinna að áætlun um lagfæringar og frekari uppbyggingu að Varmá, ásamt því að byggð verður inni- og útisundlaug og nýtt íþróttahús. Samtals gerir þriggja ára áætlun Mosfellsbæjar ráð fyrir að fjárfest verði í íþróttamannvirkjum á næstu árum fyrir allt að 600 mkr. Stækjun golfvallarins við Leiruvog er því aðeins eitt af þeim góðu málum sem hrint verður í framkvæmd á næstunni.

Samningurinn staðfestur með sjö atkvæðum.

2. mál. Minnisblað bæjarstjóra dags. 24. maí 2004, varðandi samstarfssamning Mosfellsbæjar og

UMFA (sjá umsögn íþrótt- og tómstundanefndar 1. mál á 93. fundi nefndarinnar).

Samningurinn staðfestur með sjö atkvæðum.

5. mál. Minnisblað bæjarstjóra dags. 25. maí 2004, varðandi flutning bókasafns.
Til máls tóku: HSv, JS, PK, BB og HP.

Samþykkt með sjö atkvæðum að fá skýrsluhöfund á næsta fund bæjarstjórnar.

Fundargerð bæjarráðs að öðru leyti staðfest með sjö atkvæðum.

2.Bæjarráð 666. fundur frá 28. maí 2004.

4. mál. Minnisblað bæjarverkfræðings dags. 25. maí 2004, varðandi færslu á Lækjarhlíð vegna byggingar íþróttamiðstöðvar og tengingar við þrastarhöfða/ umræða.

Til máls tóku: JS, PK,

6. mál. Minnisblað bæjarverkfræðings dags. 26. maí 2004, varðandi undirbúning að útboði á nýrri íþróttamiðstöð við Lækjarhlíð/ umræða.

Tillaga PK um að fresta þessum dagskrálið.

Tillagan felld með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Til máls tóku: PK, HSv og KS.

10. mál. Erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (04/076) dags. 14. maí 2004, varðandi endurskoðun stofnsamnings Sorpu bs. og tilnefning í stjórn.

Eftirfarandi tilnefningar komu fram um skipan fulltrúa Mosfellsbæjar í stjórn Sorpu bs.

Herdís Sigurjónsdóttir sem aðalmaður

Hafsteinn Pálsson sem varamaður

Fleiri tilnefningar komu ekki fram.

Tilnefningin samþykkt með sjö atkvæðum.

Fundargerð bæjarráðs að öðru leyti staðfest með sjö atkvæðum.

3.Bæjarráð 667. fundur frá 3. júní 2004.

Fundargerð bæjarráðs staðfest með sjö atkvæðum.

4.Fjölskyldunefnd 11. fundur frá 25. maí 2004.

1. mál. Félagsleg húsnaðismál, viðbótarlán frávik frá reglum, a og b liðir.

Afgreiðsla fjölskyldunefndar um synjun staðfest með sjö atkvæðum.

Fundargerð fjölskyldunefndar að öðru leyti lögð fram.

5.Fræðslunefnd 130. fundur frá 1. júní 2004.

Fundargerð fræðslunefndar lögð fram.

6.Menningarmálanefnd 90. fundur frá 25. maí 2004.

2. mál. Kynning á margmiðlunarefni og kvíkmynd um fornleifauppgröft að Hrísbrú í Mosfellsdal.

Til máls tóku: PK og HP.

Fundargerð menningarmálanefndar lögð fram.

7.Menningarmálanefnd 91. fundur frá 25. maí 2004.

1. mál. Tilnefning bæjarlistamanns 2004.

Til máls tóku: BB og HP.

Tillaga nefndarinnar um bæjarlistamenn Mosfellsbæjar 2004, þau Guðrúnu Tómasdóttur söngkonu og Frank Ponzi myndlistarmann og listfræðing, samþykkt með sjö atkvæðum.

Fundargerð menningarmálanefndar að öðru leyti lögð fram.

8.Íþrótt- og tómstundanefnd 93. fundur frá 1. júní 2004.

5. mál. Umsókn um styrk til þáttöku í unglingslandsliði í körfubolta frá Kistrúnu Sigujónsdóttur/ umræða.

Til málს tóku: BB og BS.

6. mál. Önnur mál, 2. liður/ umræða.

Til málს tóku: ÞK, HP og HSv.

Samþykkt með sjö atkvæðum að staðfesta afgreiðslu nefndarinnar.

Fundargerð íþrótt- og tómstundanefndar lögð fram.

9. Skipulags- og byggingarnefnd 114. fundur frá 1. júní 2004.

2. mál. Breyting á skipulagi Tröllateigs.

Tillaga nefndarinnar um málsmeðferð samþykkt með sjö atkvæðum.

3. mál. Breyting á deiliskipulagi Lækjarhlíðar.

Tillaga nefndarinnar um málsmeðferð samþykkt með sjö atkvæðum.

6. mál. Erindi frá Úrskurðarnefnd í skipulags- og byggingarmálum, vegna spildu úr landi Sólvalla.

Tillaga nefndarinnar um málsmeðferð samþykkt með sjö atkvæðum.

7. mál. Erindi frá Úrskurðarnefnd í skipulags- og byggingarmálum, vegna Grundar úr landi Reykjahvols, þjskr. 9600-0140.

Tillaga nefndarinnar um málsmeðferð samþykkt með sjö atkvæðum.

8. mál. Leirutangi 4.

Tillaga nefndarinnar um málsmeðferð samþykkt með sjö atkvæðum.

10. mál. Þormóðsdalur, landnr. 125609.

Afstaða nefndarinnar sem er neikvæð gagnvart framkominni fyrirspurn um leyfi til byggingar á ofangreindri lóð, samþykkt með sjö atkvæðum.

12. mál. 70. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa.

Afgreiðslufundurinn staðfestur með sjö atkvæðum.

Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar að öðru leyti lögð fram.

10. Skipulags- og byggingarnefnd 115. fundur frá 8. júní 2004.

1. mál. Deiliskipulag Þrastarhöfða.

Til málს tóku: HSv.

Tillaga nefndarinnar um að deiliskipulagstillagan með áorðnum breytingum verði samþykkt í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og send Skipulagsstofnun, samþykkt með sjö atkvæðum.

2. mál. Deiliskipulag Blikastaðaness.

Tillaga nefndarinnar um að deiliskipulagstillagan verði samþykkt í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga og send Skipulagsstofnun, samþykkt með sjö atkvæðum.

3. mál. Minnisblað Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, dags. 28. apríl 2004 þar sem óskað er eftir því að skipulagstillögur er varða vatnsverndarsvæði verði sendar því til umsagnar/ umræða.

Til málს tóku: ÞK og HSv.

4. mál. Tillaga að deiliskipulagi Hamrafells, Hulduhóla og Láguhlíðar.

Til málს tóku: HP og ÞK.

Samþykkt með sjö atkvæðum að fresta þessum dagskrárið.

Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar að öðru leyti lögð fram.

11. Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 239. fundur frá 5. maí 2004.

Umræða.

Til máls tóku: BB, BS, JS og PK.

Fundargerðin lögð fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:50